

Fundur í skólaráði Varmárskóla þann 29. maí 2015– 13:00

Mættir voru: Þórhildur og Þórána skólastýrur, Bergljót og Kristín Ásta f.h. kennara, Gróa f.h. starfsmanna, Sveinn Óskar og Hlynur f. h. foreldra og Alexander f.h. g.samf.

Dagskrá:

- Skólaárið, rekstur og undirbúningur næsta skólaárs.
 - Farið yfir skólaárið hvað varðar fjölgun nemenda, húsnæði, rekstur, bruna í útielldhúsi, lestrarstefnu, vinaliðaverkefni, hjólabrettasvæði, jákvæð viðbrögð foreldra varðandi aðstoð v/útielldhúss o.fl.
- KÁ sagði frá rannsókn sem henni var boðið að taka þátt í og verður þá hluti af mastersverkefni henni. Rannsóknin nefnist „Íslenska sem námsgrein og kennslutunga" og er rannsóknarverkefni á vegum Íslenskustofu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Rannsóknin ætti að nýtast skólanum.
- Lögð fram öryggisúttekt að Brúarlandi. Skólaráð lýsti yfir ánægju sinni með skýrsluna.
- SÓ lagði fram eftirfarandi tillögu sem send var út með fundarboði:
 - Skólaráð Varmárskóla óskar eftir því að Mosfellsbær styrki fjárhagslega óháð mat á öryggismálum vegna Brúarlands af sérhæfðum aðila varðandi öryggismál barna. Óskað er eftir því að Herdís Storgaard verði fengin í að vinna verkið og að skólastýrur Varmárskóla, ásamt skólaráði Varmárskóla, sjái um samkipti við hana og að skólaráð Varmárskóla hafi yfirumfjón með því mati ásamt skólastjórum, afgreiðslu þess og umsjón. Það mat verði kynnt á opnum fundi foreldra áður en endanleg ákvörðun um að nýta Brúarland verði tekin. Skal þetta öryggismat vinnast með sjálfstæðum hætti fyrir foreldra Varmárskóla og án atbeina stjórnýslu Mosfellsbæjar nema hvað varðar upplýsingaöflun etir því sem við á og eðli máls samkvæmt. Með mati af þessum toga fæst óháð mat sem foreldrar, er munu þurfa að senda börn sín til kennslu í Brúarlandi til lengri eða skemmri tíma, geta tekið afstöðu til með sjálfstæðum hætti, mat sem unnið er af sérfræðingi sem þekkir mjög vel til öryggismála barna og vinnur á alþjóða vettvangi við mat á öryggismálum barna.

Í framhaldi af umræðum um framkomna tillögu SÓ á fundinum urðu allir fundarmenn sammála um að einfalda efni tillögunnar og var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða.

Skólaráð Varmárskóla óskar eftir því að Mosfellsbær geri viðbótar úttekt á öryggismálum vegna Brúarlands. Sú úttekt verði unnin af óháðum aðila sem valinn verður í samráði við skólaráð Varmárskóla. Umhverfið verði tekið út með öryggi og heilsu barnanna í huga varðandi hljóðvist, slysaheittu og mengun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10

Þórhildur Elfarsdóttir fundarritari